

Tillaga:

Bæjarfulltrúar D-lista leggja til að hafnar verði framkvæmdir um lagningu gervigrasvallar, endunýjuð hlaupabraut og uppsetning á flóðlýsingu á Varmárvöll á árinu 2022.

Greinargerð:

Eins og fram kom í nýjasta tölublaði Mosfellings hefur meirihluti Framsóknar, Viðreisnar og Samfylkingar ákveðið að fresta áður samþykktri uppbyggingu um óákveðin tíma á 1.200 m² þjónustuhúsi að Varmá. Þjónustuhúsið á að vera á þremur hæðum og innihalda m.a. 4 x 50 m² búningsklefa, móttöku, veitingasölu, andyri, fundar- og veislusalí ásamt félagsaðstöðu og öðrum rýmum.

Ástæðan frestunar á uppbyggingu er ekki ljós, en fram hefur komið meðal annars að endurskoða eigi stærð hússins. Til upplýsingar voru tillögur af uppbyggingunni endurskoðaðar í janúar 2022 af samstarfsnefnd Aftureldingar og Mosfellsbæjar og sérstakt að það eigi að gera aftur nú. Ekki er vitað hvað húsið eigi mögulega að stækka mikið né heldur í hvaða tilgangi eigi að nota stærra hús og ekki hefur verið upplýst um hver viðbótarkostnaður mun verða.

Þetta eru mikil vonbrigði og þessi ákvörðun mun að óbreyttu tefja áður samþykktu uppbyggingu að minnsta kosti um eitt ár ef ekki lengur. Búið var að ákveða forgangröðun uppbyggingar á svæðinu, byrja átti á byggingu þjónustuhúss, þar á eftir leggja gervigras á aðalvöllinn og í lokin byggja áhorfendastúku með búningsklefum og annarri aðstöðu við keppnisvöll félagsins.

Til þess að koma í veg fyrir að heildaruppbygging á svæðinu tefjist ekki um eitt ár eða lengri tíma leggja bæjarfulltrúar D-lista til að farið verði eins fljótt og auðið er í vinnu við að leggja gervigras á Varmárvöll. Mikilvægt er að nýta tímann og breyta áður samþykktri forgangröðun verkefna að Varmá sem samþykkt voru á samráðsvettvangi Aftureldingar og Mosfellsbæjar.

Það er tillaga D-lista að það fjármagn sem er í fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2022 og átti að fara í uppbyggingu á þjónustuhúsi að Varmá verði sett í lagningu gervigrasvallar, endurnýjun á hlaupabraut og uppsetningu á flóðlýsingu.

Eins og kom fram í stefnuskrá D-lista fyrir nýafstaðnar kosningar var það áætlun flokksins að flýta framkvæmdum að Varmá eins mikið og kostur er og þá sérstaklega lagningu gervigrasvallar vegna mun meiri fjölgunar iðkenda hjá knattspyrnudeild Aftureldingar en reiknað hafði verið með og er því mjög aðkallandi að bygging þjónustuhússins og lagning á nýjum gervigrasvelli verði framkvæmd sem fyrst.

Að mati bæjarfulltrúa D lista er mjög slæmt að meirihlutinn sé búin að fresta byggingu á glæsilegu 1.200 m² þjónustubyggingu um óákveðin tíma. Ef þetta er raunin er mikilvægt að nýta tímann og fjármunina og breyta áður samþykktri forgangsröðun um uppbyggingu að Varmá og hefja strax framkvæmdir við lagningu gervigrasvallar.

Það er von bæjarfulltrúa D-lista að meirihlutinn taki vel í ofangreinda tillögu um að endurforgangsráða uppbyggingaráætlun á svæðinu í samráði við Aftureldingu svo heildarframkvæmdatími á svæðinu frestist ekki um ár eða lengri tíma.

Bæjarfulltrúar D-lista í Mosfellsbæ.

Ásgeir Sveinsson
Jana Katrín Knútsdóttir

Rúnar Bragi Guðlaugsson
Helga Jóhannesdóttir.